

SAMÞYKKTIR FÉLAGS KVENNA Í LÖGMENNSKU

1. Heiti

Félagið er hagsmunafélag kvenna í lögmennsku og er aðili að félagsdeild Lögmannafélags Íslands. Nafn þess er Félag kvenna í lögmennsku, skammstafað FKL. Heimili þess er í Reykjavík.

2. Tilgangur

Tilgangur félagsins er:

- 1) Að efla samstarf og styrkja stöðu kvenna í lögmannastétt á Íslandi.
- 2) Að auka áhrif og þátttöku kvenna í lögmennsku á Íslandi.

Tilgangi félagsins skal náð meðal annars með því að stuðla að fjölgun kvenna í lögmennsku, svo sem með því að gera konur í lögmannastétt sýnilegri, svo til staðar sé fagleg fyrirmynnd fyrir konur í lögfræðingastétt. Jafnframt með því að halda uppi umræðu um og standa vörð um hagsmunamál kvenna í stéttinni.

3. Aðild

Félagsmenn geta orðið allar konur innan LMFÍ sem hafa sótt um aðild að féluginu.

4. Stjórn

Stjórn félagsins skipa fimm félagsmenn og tveir í varastjórn.

Stjórnarmenn skulu kosnir til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega á aðalfundi. Aðrir stjórnarmenn skulu skipta með sér verkum þannig að einn er ritari, sem jafnframt er varaformaður, og hinir meðstjórnendur.

Óheimilt er að endurkjósa sömu konu til almennra stjórnarstarfa oftar en tvisvar í röð. Óheimilt er að endurkjósa sömu konu til formanns oftar en tvisvar í röð.

Stjórnarfundir eru haldnir reglulega, eigi sjaldnar en tvisvar á ári. Þeir eru lögmaetir ef meira en helmingur stjórnarmanna mæta.

5. Fundir

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok marsmánaðar ár hvert og fer hann með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur er lögmætur þegar löglega er til hans boðað. Stjórn boðar til aðalfundar skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara.

Tillögur um stjórnarkjör og um lagabreytingar skulu fylgja fundarboði. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum um önnur mál en breytingu á samþykktum félagsins sem verður því aðeins gild að hún hljóti samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Til annarra félagsfunda skal boða eftir því sem tilefni þykir til eða að kröfu minnst fjórðungs félagsmanna.

6. Árgjald

Aðalfundur ár hvert tekur ákvörðun um hvort innheimta skuli árgjald.

7. Heiðursfélagi

Stjórn félagsins setur reglur um kjör heiðursfélaga. Val á heiðursfélaga skal staðfest á félagsfundi.

Samþykktir þessar öðluðust gildi við stofnun félagsins 4. mars 2004.